



12. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 7. desember kl. 15:00 2018 í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Gunnar Gunnarsson (GG), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Lárus B. Lárusson (LBL), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (Alþ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuð: Gunnar Þór Gestsson (GþG).

1. Fundur settur kl. 15:05.

2. Kynning á verkefninu TUFF, þátttaka barna af erlendum uppruna í íþróttastarfi.

- Dr. Shamender Talwar og Hrund Hafsteinsdóttir kynntu verkefnið.

3. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.

- Alþ fór yfir mál frá síðasta fundi, sem voru m.a.
 - Heimsókn Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra.
 - Verðlaunaafhending á forvarnardegi forseta Íslands.
 - Staða starfsmannamála.

4. Fundargerðir nefnda og sambandsráðsfundar.

- Fundargerð sambandsráðsfundar lögð fram og samþykkt.

5. Fjármál.

- 10 mán uppgjör.
 - Lagt fram. Uppgjörið er í góðu samræmi við áætlanir.
- Uppgjör Landsmótsins og Unglingalandsmótsins lögð fram.
- Erindi frá UÍA, dagsett 18.10.2018.
 - Stjórn UMFÍ leggur áherslu á ábyrgð sambandsaðila á lokauppgjöri landsmóta. Í ljósi fyrirbyggjandi samnings um 20. Unglingalandsmót á Egilsstöðum árið 2017 þá samþykkir stjórn UMFÍ að leggja til kr. 250.000.- framlag til lúkningar uppgjörs landsmótsins enda sé það ekki fordæmisgefandi. Stjórn UMFÍ gerir athugasemdir við að uppgjörsfundur landsmótsins hafi ekki verið boðaður.

GG kom inn á fundinn kl. 16:27

- Þrastalundur.
 - Lagt fram minnisblað frá Davíð B. Gíslasyni, lögmanni, varðandi stöðu innheimtumáls lóðarleigu í Þrastalundi. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir. Stjórn samþykkir að fela laganefnd að yfirfara heimildir stjórnar til ákvarðanatöku varðandi fjárhagslegar skuldbindingar og leggja fram tillögur að lagabreytingum þar um.
- Getspá og getraunir.
 - Eftirstöðvar afmælisgjafar 2016 eru 6 milljónir. Samþykkt að ráðstafa 3 milljónum í forvarnaverkefni og 3 milljónum í einsskiptiskostnað vegna flutnings ungmennabúða.
 - Aukaúthlutun frá íslenski getspá 2018 verður úthlutað til sambandsaðila skv. úthlutunarreglum. Stjórn UMFÍ færir stjórn og starfsfólki íslenskrar getspár bestu þakkir fyrir og hvetur til áframhaldandi góðra verka.

HrJ vék af fundi kl. 17:12

6. 29. Landsmót UMFÍ

Tillaga um að Landsmótið verði haldið næst í júlí 2020. Skipuð verði landsmótsnefnd sem mun hefja undirbúning mótsins í upphafi árs 2019. Samþykkt. Þjónustumiðstöð falið að kanna áhuga sambandsaðila.

7. Frá nefndum

- Frá ungmennabúðanefnd varðandi Laugarvatn. Staða mála.
 - Samningar eru á lokastigum. Ungmennabúðanefnd falið að klára samning við Bláskógabyggð með fyrirvara um samþykki stjórnar.
- Frá fjárhags- og fasteignanefnd varðandi húsnæði að Sigtúni 42.
 - Upplýsingar frá arkitekt hússins lagðar fram. Stjórn lýsir ánægju sinni með vinnu nefndarinnar. Næsta skref er að taka málið fyrir á húsfélagsfundi Sigtúns 42.

8. Bréf sem borist hafa:

- Boð á ársfund norrænna lýðháskóla í Osló 29.-30. janúar 2019.
 - Stjórn þakkar fyrir gott boð og stefnir að því að senda fulltrúa á fundinn. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.
- Tölvupóstur frá MRN varðandi tilnefningu í Æskulýðsráð.
 - Samþykkt að tilnefna GG og fela ungmennaráði að tilnefna kvenkyns fulltrúa til vara.

9. Önnur mál:

- Farið yfir fundadagskrá stjórnar 2019.
- Dagur sjálfbóðaliðans var 5. desember. Stjórn færir öllum sjálfbóðaliðum ungmennafélagshreyfingarinnar þakkir fyrir vel unnin störf hér eftir sem hingað til.

SÓJ ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 17:56